

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Vesturbyggð Urðun Vatnseyrarhlíðum



<b>Dags eftirlits</b>	29.8.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Vesturbyggð	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Aðalstræti 63	<b>Tegund eftirlits</b>	Annað
<b>Kennitala</b>	5106942369	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Enginn	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	269508,137 575572,771

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við skoðun á urðunarstaðnum í Vatnseyrarhlíðum, kom í ljós talsvert magn af úrgangi, þó starfsleyfi sé runnið út. Starfsleyfi rann út á síðasta ári, en samkvæmt löggjöf er öll meðhöndlun úrgangs starfsleyfisskyld. Auk þessa frávíks er ein athugasemd gerð er varðar lokun urðunarstaðarins og áframhaldandi nýtingu viðkomandi svæðis.

## UMFANG EFTIRLITS

Skoðun fór fram á urðunarstað Vesturbyggðar og leitað var upplýsinga um stöðu starfsleyfisumsóknar /fyrirætlanir rekstraraðila varðandi urðunarstaðinn með tölvupóstum og símafundum með Ásthildi Sturludóttur og Ármanni Halldórssyni.

### Frávik frá

Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, gr. 7.1 þar sem m.a. segir „Allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, skal hafa gilt starfsleyfi,“

### Lýsing á frávíki

Starfsleyfi urðunarstaðarins í Vatnseyrarhlíðum er runnið út en úrgangur, bæði virkur og óvirkur, var á staðnum. Öll meðhöndlun úrgangs er starfsleyfisskyld

## ATHUGASEMDIR

Við síðasta eftirlit (4.9.2012) kom fram að rekstraraðili ætlaði að endurnýja starfsleyfi sitt, en það rann út 18.12.sl. Ljóst var að ekki tækist að endurnýja leyfið áður og skildi meðhöndlun úrgangs á staðnum stöðvuð uns nýtt starfsleyfi yrði gefið út. Á símafundi með rekstraraðila nú kom hins vegar fram að loka eigi staðnum og að timburmeðhöndlun væri fyrirhuguð á staðnum. Rekstraraðili þarf því að gera lokunaráætlun fyrir urðunarsvæðið og koma vinnslu timburs og annars úrgangs í réttan farveg,

Reykjavík, 03.09.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.